

Nd.

653. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leyfa erlendum manni eða félagi að reisa og starfrækja sildarbræðsluverksmiðju á Seyðisfirði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin vill mæla með frv. þessu þannig breyttu, að verksmiðjuna megi reisa hvort heldur er á Seyðisfirði eða annarsstaðar á Austfjörðum, en getur hins vegar ekki fallizt á að veita slíkri verksmiðju fyrirfram leyfi til að kaupa sild af erlendum veiðiskipum. Slíkt er bæði þvert ofan í gildandi lög, og með því væri sennilega torveldað, að islenzkir útgerðarmenn fengju nokkur skipti við verksmiðjuna.

Nefndin mælir því með því, að frv. sé samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Nú sækir erlendur maður eða félag um leyfi til þess að reisa og starfrækja sildarbræðslustöð á Austurlandi og sannar, að hann eða það hafi nægilegt fjármagn, og skal þá ríkisstjórninni vera heimilt, að fengnum meðmælum bæjarstjórnar eða sveitarstjórnar á þeim stað, er umsækjandi óskar eftir aðsetri, að veita umsækjanda leyfi til þess að reisa þar sildarbræðsluverksmiðju og starfrækja hana í allt að 30 árum, og jafnframt leyfi til þess að eiga eða leigja nægilegt land handa fyrirtækinu, enda sé það tryggt, að eingöngu íslenskt verkafólk, að undanteknum sérfræðingum, starfi í þjónustu fyrirtækisins.

Alþingi, 6. maí 1932.

Sveinn Ólafsson,
form.

Jóhann Þ. Jósefsson,
fundaskr., frsm.

Guðbr. Ísberg,

B. Kristjánsson.

Bjarni Ásgeirsson.